




AFNÁM LANDAMÆRAHINDRANA Á NORÐURLÖNDUM



Afnám landamærahindrana á Norðurlöndum

ANP 2004:734

© Nordisk Ministerråd, København 2004

ISBN 92-893-0991-1

Nordisk Ministerråd

Store Strandstræde 18
DK-1255 København K
Telefon (+45) 3396 0200
Telefax (+45) 3396 0202

Nordisk Råd

Store Strandstræde 18
DK-1255 København K
Telefon (+45) 3396 0400
Telefax (+45) 3311 1870

www.norden.org

Nordisk Ministerråd

blev oprettet i 1971 som samarbejdsorgan mellem de nordiske landes regeringer. Ministerrådet fremlægger forslag til Nordisk Råds sessioner, viderefører rådets rekommandationer, rapporterer til Nordisk Råd om samarbejdets resultater og leder arbejdet inden for de forskellige emneområder. Samarbejdet koordineres af samarbejdsministrene, der er udpeget af det enkelte lands regering. Ministerrådet træder sammen i forskellige sammensætninger - afhængigt af hvilke spørgsmål, der skal behandles.

Nordisk Råd

blev oprettet i 1952 som et samarbejdsorgan mellem de folkevalgte forsamlinger og regeringer i Danmark, Island, Norge og Sverige. Finland indtrådte i 1955. Færøernes, Grønlands og Ålands delegationer indgår i henholdsvis Danmarks Riges og Finlands delegationer. Rådet består af 87 medlemmer. Nordisk Råd er initiativtagende og rådgivende og har kontrollerende opgaver i det nordiske samarbejde. Nordisk Råds organer er plenarforsamlingen, præsidiets og udvalgene.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Skýrsla um afnám landamærahindrana á Norðurlöndum..... | 5 |
| Almennar aðgerðir..... | 9 |
| Félags- og heilbrigðismál..... | 10 |
| Fjármál og skattar..... | 14 |
| Vinnumarkaður..... | 16 |
| Menntamál..... | 18 |
| Atvinnulíf..... | 20 |
| Bygðamál..... | 23 |
| Dómsmál..... | 24 |
| Neytendamál..... | 24 |
| Þverfaglegar aðgerðir..... | 25 |
| Tvíhliða landamærahindranir..... | 28 |
| Einhliða landamærahindranir..... | 29 |
| Aðrar upplýsingar um afnám landamærahindrana..... | 31 |
| Ágrip úr ræðu Poul Schlüters, sérlegs fulltrúa, á fundi norrænu forsætisráðherranna þann 27. október 2004..... | 32 |

Skýrsla um afnám landamærahindrana á

Norðurlöndum

Þegar ég tók þetta verk að mér, sem sérlegur fulltrúi Svía á formennskuári þeirra, vænti ég þess að árangur næðist um að hinn almenni borgari á Norðurlöndum gæti flust vandræðalaust á milli landanna. Ferðafrelsi og opin landamæri eru grundvallarskilyrði fyrir því að ríki okkar og lífskjör íbúanna þróist og dafni. Norðurlandabúar eru mjög meðvitaðir um að þeir eru hluti af Norðurlöndunum sem einni heild. Því hikaði ég ekki þegar ég var beðinn um að taka þetta verk að mér í desember 2002. Mér fannst viðfangsefnið mikilvægt og áhugavert.

Þann 15. apríl 2002 afhenti Ole Norrback sendiherra, fyrrum samstarfsráðherra Finnlands, norrænu samstarfsráðherrunum skýrslu sína „Réttindi Norðurlandabúa“. Í skýrslunni er fjallað um landamærahindranir sem Norðurlandabúar reka sig á þegar þeir flytjast búferlum til starfa eða náms í norrænu nágrannaríki. Í skýrslunni eru lagðar fram tillögur um hvernig afnema megi slíkar landamærahindranir. Norrænir ráðherrar á hinum ýmsu samstarfssviðum fjölluðu um skýrsluna en síðan lögðu samstarfsráðherrarnir fram ráðherranefndartillögu sem byggði á skýrslunni „Réttindi Norðurlandabúa“.

Svía lögðu til að samstarfsráðherrarnir tilnefndu mig sem sérlegan fulltrúa í starf til að afnema landamærahindranir á Norðurlöndum. Ég varð fyrir valinu því menn vildu tryggja að ráðherranefndartillögunni yrði fylgt skilvirkt eftir og að pólitísk áhersla yrði lögð á að finna lagalegar og stjórnsýslulegar lausnir á vandanum. Frá 1. janúar 2003 hefur hlutverk mitt því verið að tryggja stöðuga pólitíska áherslu á afnám landamærahindrana. Ég hef setið marga fagráðherrafundi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, haldið fundi í ríkjunum og sent skriflegar tillögur til viðeigandi ráðherra um hvernig fjarlægja megi ýmsar landamærahindranir.

Í umboði mínu felst að ég greini munnlega frá árangri starfsins á fundi norrænu forsætisráðherranna þann 27. október 2003. Margt hefur áunnist og ýmsu verið hrint í framkvæmd. Ég ákvað að leggja einnig fram skriflega skýrslu um starfið til að miðla betur því sem gerst hefur á árinu. Þetta geri ég ekki síst vegna þess að fjöldi einstaklinga, samtaka, fyrirtækja og fjölmiðla hefur fylgst af miklum áhuga með starfi mínu á liðnu ári. Ég ber alfarið ábyrgð á þessari skýrslu og norrænu ráðherrarnir hafa ekki haft hana til umfjöllunar.

Það er brýnt að taka það fram að ég hef engan veginn staðið einn að því að afnema landamærahindranir á undanförunum árum. Svía lögðu mikla áherslu á samræmingu og samþættingu milli norrænu ríkjanna í formennskuáætlun sinni fyrir norrænt samstarf á árinu 2003. Norrænir ráðherrar og starfsmenn skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar hafa

einnig sinnt þessu verki. Hlutverk mitt hefur eingöngu verið að vekja athygli á vandanum og að þrýsta á að árangur náist. Ég hef ekki umboð til að skipa norrænum ráðherrum fyrir verkum og því er pólitískur vilji nauðsynleg forsenda þess að árangur náist. Í skýrslu þessari vel ég því að leggja áherslu á aðgerðir sem Svíar, norrænir ráðherrar og einstaka norræn ríki hafa staðið að til að afnema landamærahindranir á Norðurlöndum.

Þá ber að taka það fram að það er ekki hægt að afnema landamærahindranir í eitt skipti fyrir öll. Í nútímaþjóðfélögum sem eru í sífelldri þróun myndast sífellt nýjar landamærahindranir. Því er nauðsynlegt að halda þessu starfi áfram til að standa vörð um það sem áunnist hefur. Afnáam landamærahindrana verður fastur liður á dagskrá Norrænu ráðherra-nefndarinnar.

Poul Schlüter, sérlegur fulltrúi

Formáli

Í norrænu samstarfi tókumst við nú á við það mikilvæga og vandasama verk að afnema landamærahindranir. Evrópusambandið stækkar og samkeppni eykst á alþjóðavettvangi og því verðum við Norðurlandabúar að tryggja opinn og sveigjanlegan vinnumarkað til þess að geta tekið virkan þátt í þessari þróun. Við verðum að tryggja að innri markaður á Norðurlöndum sé ekki orðin tóm! Þar bíða okkar mörg stór verkefni!

Við höfum sýnt og sannað að við getum náð verulegum árangri – einnig áður en ESB kom til sögunnar! Árið 1954 náðum við samkomulagi um samnorrænan vinnumarkað og markaði það tímamót. Þá var það sögulegur viðburður á heimsmælikvarða þegar við afnánum vegabréfaskylduna. Árið 1996 náðum við samkomulagi um að koma í veg fyrir tvísköttun.

Þegar þetta er ritað eru tíu mánuðir liðnir af því ári sem mér er ætlað til verksins. Margar þær landamærahindranir sem við höfum tekist á við á þessu ári geta vírst smávægilgar. Engu að síður skipta þær miklu máli fyrir þá einstaklinga sem þær bitna á. Það er enginn vafi á því að landamærahindranir geta ráðið úrslitum um hvort Norðurlandabúar velja að starfa, búa eða stunda nám í norrænu nágrannaríki. Hindranir sem varða félagsleg mál, skatta, vinnumarkað og menntun snerta borgarana mest. Því er eðlilegt að ég hafi beint sjónum mínum sérstaklega að þessum málaflokkum. Hér er þörf á að efla og einfalda norræna samninga.

Það leikur enginn vafi á því að til dæmis dönsk/sænsk skattamál skipta miklu máli. Margir íbúar við Eyrarsund hafa lent á milli stafs og hurðar þegar þeir hafa kosið að starfa hinum megin við sundið. Það getur verið í tengslum við mikilvæg mál eins og sköttun lífeyris, sköttun hlutastarfs beggja megin sundsins og frádrátt fyrir fargjöld yfir brúna.

Í starfi mínu hef ég sírekist á aðrar veigamiklar landamærahindranir. Þar má oft um kenna vanþekkingu yfirvalda og einstaklinga á norrænum samningum. Ole Norrback sendiherra nefnir þetta í skýrslu sinni. Ekki verða allar landamærahindranir afnumdar með því að samræma löggjöf norrænu ríkjanna. Til dæmis er ekki raunhæft að sjá fyrir sér samræmingu á reglum um sköttun og gjöld. Því verðum við að tryggja skýrar upplýsingar um afleiðingar þar að lútandi sem búferlaflutningar á milli norrænna ríkja geta haft á líf borgarana. Þetta verk er nú hafið. Þau svið sem þetta snertir munu efla upplýsingum um norræna samninga bæði fyrir yfirvöld og almenna borgara. Hvað þá síðarnefndu snertir fer

þar fremst í flokki upplýsingaþjónustan „Halló Norðurlönd“, en þar geta einstaklingar bæði leitað svara og í versta falli aðstoðar í viðureign sinni við skrifinnana.

Margt hefur áunnist en verkið er þó aðeins rétt hafið. Við vitum að afnám landamærahindrana verður að vera fastur liður á dagskrá Norrænu ráðherranefndarinnar. Í skýrslunni sem hér fer á eftir mun ég leitast við að gera grein fyrir því starfi sem við höfum unnið og árangri sem náðst hefur.

ALMENNAR AÐGERÐIR

Auknar upplýsingar um réttindi Norðurlandabúa

Ýmis hagnýt atriði varðandi búferlaflutninga, störf og nám í norrænu nágrannaríki geta vafist fyrir hinum almenna borgara og því heft ferðafrelsi Norðurlandabúa verulega. Þess vegna er mikilvægt að miðla upplýsingum til einstaklinga sem eru að gera upp hug sinn hvað þetta varðar. Norræna ráðherranefndin hefur síðan 1998 rekið norrænu upplýsingaþjónustuna „Halló Norðurlönd“, en þar geta einstaklingar leitað ráðgjafar og leiðbeininga. Fyrir einu ári var opnaður vefur upplýsingaþjónustunnar með hagnýtum upplýsingum fyrir Norðurlandabúa. Einstaklingar geta sent tölvuskeyti eða hringt til upplýsingaþjónustunnar og leitað svara við spurningum sínum. Upplýsingaþjónustan „Halló Norðurlönd“ veitir ráð og vísar á rétta aðila og yfirvöld, ef einstaklingar sem til hennar leita eiga í vanda sem erfitt er að leysa.

Verkefnisstjóri upplýsingaþjónustunnar „Halló Norðurlönd“ hefur aðsetur á skrifstofu Norrænu ráðherranefndinnar, en starfsmenn hennar í aðildarríkjunum annast samskipti við hinn almenna borgara.

Norrænu samstarfsráðherrarnir hafa ákveðið að efla upplýsingaþjónustuna. Starfsgildi fulltrúa hennar í löndunum verður aukið úr hálfu starfi í heilt. Það er mjög jákvætt og afar nauðsynlegt að þessi upplýsingastarfsemi sé eflað. Aðrar upplýsingaþjónustur annast líka ráðgjöf fyrir Norðurlandabúa í landamærahéruðunum, þar á meðal „Øresunddirekt“ og „Grensetjänsten“. Í maí á formennskuárinu héldu Svíar ráðstefnu um upplýsingaþjónustu fyrir Norðurlandabúa. Ráðstefnan varð árangursrík. Meðal annars var ákveðið að efla samstarf norrænra aðila sem annast upplýsingaþjónustu. Þá var ákveðið að beina athyglinni að málum þar sem einstaklingar lenda á milli stafs og hurðar í samskiptum sínum við stjórnsýslu tveggja landa, en slík mál hafa komið á borð „Øresunddirekt“. Tekið verður pólitískum tókum á þessum málum. Ég tel þetta vera mjög mikilvægan árangur. Áframhaldandi starf að afnámi landamærahindrana verður að taka mið af þeim vanda sem borgararnir lenda í. Við það hljóta pólitískar aðgerðir að miðast.

Efldar aðgerðir til að afnema landamærahindranir

Þótt ég leggi fram skýrslu fyrir norrænu forsætisráðherrana verða áfram landamærahindranir á Norðurlöndum. Margt hefur áunnist á undanförunum árum en margt er enn óunnið. Norræna ráðherranefndinni ber að tryggja að áfram verði unnið kerfisbundið og skilvirkt að

afnámi landamærahindrana á Norðurlöndum. Þess vegna verður sérstök landamæraskrifstofa sett á stofn á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Megintilgangur hennar verður að efla starf að afnámi landamærahindrana með samræmdum og markvissum aðgerðum. Unnið er að afnámi landamærahindrana á þremur sviðum á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Auk mín er það upplýsingaþjónustan „Halló Norðurlönd“ og það mikla starf sem unnið er í nefndum sem fjalla um byggðamál og málefni landamærahéraða. Framvegis verða þessar aðgerðir samræmdar til að tryggja öflugt og samfellt starf.

Viðleitni Norrænu ráðherranefndarinnar til að afnema landamærahindranir verður ólíkt skilvirkari en ella þegar starf mitt, upplýsingaþjónustan „Halló Norðurlönd“ og landamærahéradasamstarfið verða sett undir eitt þak. Ég mun í starfi mínu einbeita mér að vandamálum sem koma til kasta norrænu upplýsingaþjónustunnar „Halló Norðurlönd“ og í starfi landamærahéradanefnda víðs vegar á Norðurlöndum.

FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISMÁL

Menntun starfsfólks yfirvalda

Ég hef lagt fram tillögur að afnámi landamærahindrana á sviði félags- og heilbrigðismála. Svíar hafa sinnt þessu máli af atorku og dugnaði á formennskuárinu og norrænu félagsmála- og heilbrigðismálaráðherrarnar hafa tekið á þessum málum. Berit Andnor, samstarfsráðherra Svía, Berit Andnor, beindi persónulega þeim tilmælum til norrænu félagstrygginganefndarinnar að hún skilaði raunhæfum árangri. Og raunhæfur árangur náðist, hafist er handa við ýmis verkefni og því má búast við enn meiri árangri.

Ef takast á að afnema landamærahindranir á þessu sviði verður að efla upplýsingaflæðið. Um það hafa vinnuhópar fjallað, sem stofnaðir voru í tengslum við tvo norræna samninga um félagsmál. Meðal annars er verið að semja tillögur um eftirfarandi: Aukna notkun einstaklinga og yfirvalda á netinu, starfsmannaskipti embættismanna, námskeið og endurskoðun á núverandi menntunarmöguleikum embættismanna og að kannaðir verði möguleikar á að þróa rafræn verkfæri í því skyni að endurnýja reglur og aðlögunaraðferðir Norðurlandþjóðanna á milli.

Nýr norrænn félagsmálasamningur

Á fundi norrænu félags- og heilbrigðismálaráðherranna í Karlskrona þann 18. ágúst 2004 var undirritaður nýr norrænn samningur um félagslegt öryggi. Þessi nýi samningur á að skýra og einfalda gildandi reglur.

Nýi norræni samningurinn um félagslegt öryggi kemur í stað norrænna samninga, sérstaklega varðandi breyttar ESB-reglur á sviði félagsmála (s.k. reglugerð nr. 1408/71). Breytingarnar á reglugerð nr. 1408/71 valda borgurum þriðja lands vandræðum þar sem sem norrænu ríkin eru mismunandi tengd við ESB. Svíþjóð og Finnland hlýða sjálfkrafa nýju breytingunum, en það sama á ekki við um EES-ríkin Noreg og Ísland. Þessar breytingar ná heldur ekki til Dana vegna fyrirvara þeirra gagnvart réttarsamstarfi Evrópusambandsins. Þess vegna eru Danir líka með fyrirvara gagnvart sumum atriðum í nýja norræna félagsmálasamningnum. Þegar undirskrift ráðherranna lá fyrir var hafist handa við að undirbúa framkvæmd samningsins í öllum löndunum og er búist við að hann gangi í gildi vorið 2004.

Endurskoðun samnings um félagslega aðstoð og þjónustu

Í norrænum samningi um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu er fjallað um ýmis réttindi Norðurlandabúa. Samningurinn felur meðal annars í sér reglur varðandi greiðslur á beinni félagslegri aðstoð eða félagslegri þjónustu, heimsendingu, ferðir og flutninga á norrænum ríkisborgurum sem eru hjúkrunar þurfi á meðan dvalist er í norrænu nágrenna-ríki. Félagsleg aðstoð og félagsleg þjónusta á Norðurlöndum þróast sífellt. Þessar breytingar geta snert norræna einstaklinga sem búa eða starfa í öðru norrænu ríki. Stærsta ljónið á veginum er vanþekking og skortur á upplýsingum um samninginn. Því voru samdar sérstakar leiðbeiningar í tengslum við endurskoðun samningsins. Leiðbeiningunum hefur verið dreift til hlutaðeigandi yfirvalda til að auka þekkingu á samningnum hjá þeim yfirvöldum sem hann snertir. Samningurinn er einnig á vef upplýsingaþjónustunnar „Halló Norðurlönd“. Þetta finnst mér vera góður árangur ekki síst í ljósi þess að þarna er skýrt tekið fram hvernig þetta snertir hinn almenna norræna borgara. Þá er verið að undirbúa fræðslu fyrir embættismenn í löndunum.

Norrænir lyfseðlar gildi á öllum Norðurlöndum

Norrænu félags- og heilbrigðismálaráðherrarnir hafa ákveðið að endurskoða norræna ályktun um lögmati lyfseðla. Á formennskuárinu boðuðu Svíar fulltrúa norrænna heilbrigðisyfirvalda til fundar í september 2003 til að bera saman reynslu sína af norrænum samningi um lögmati lyfseðla og ræða önnur norræn lyfjatengd málefni. Niðurstaða fundar-

ins var sú að menn nýti sér lítið þann möguleika að framvísa lyfseðlum sem gefnir eru út í norrænu nágrannaríki. Lítið hefur borið á vandræðum af þessum sökum og almennt virðist framkvæmd ályktunarinnar vera vandræðalaus.

Í öllum löndunum að Danmörku undanskilinni hafa reglurnar verið rýmkaðar þannig að þær nái einnig til borgara frá öðrum ESB/EES-ríkjum. Það var mat manna að þessi breyting þjálfði lyfsala í að afgreiða lyfseðla sem gefnir eru út í öðrum löndum.

Haldið verður áfram að hittast reglulega á norrænum vettvangi til að fjalla um lyfjamál. Að lokinni umræðu var niðurstaðan sú að ekki þótti nauðsynlegt að halda áfram endurskoðun á núverandi samningi um lögmæti lyfseðla.

Ég tel þó ástæðu til að líta betur á hvernig auka megi þekkingu norræns almennings á þessum réttindum.

Lífeyrisréttindi

Félags- og heilbrigðismálaráðherrar Norðurlandanna ákváðu árið 2002 að kanna möguleika á að breyta reglum um opinber lífeyriskerfi á Norðurlöndum. Minnst er á þetta mál í skýrslunni „Réttindi Norðurlandabúa“. Norræni félagstryggingahópurinn og félags- og heilbrigðismálaráðherrar Norðurlanda hafa fjallað um þetta mál á fundum sínum. Niðurstöður hópsins eru sem hér segir:

Lagt er til að ekki verið gripið til sérstakra aðgerða af eftirfarandi ástæðum:

- a) *Markmið með reglunum. Þær varða grunnlífeyri fólks sem hefur ekki verið útvinnandi í neinu landanna og eiga að auðvelda afgreiðslu á mjög lágum fjárhæðum. Markhópurinn er lítill og fer stöðugt minnkandi.*
- b) *ESB-reglugerð nr. 1408/71 nær til mun stærris bóps, þar á meðal fólks sem hefur ekki verið á vinnumarkaði. Þegar stækkan markhópsins hefur verið rædd, hafa Danir bent á að þeir muni krefjast fyrirvara, sem feli í sér að áfram verði þríggi ára reglunnar eins og nú er kveðið á um í norræna samningnum. Þess vegna eru menn ekki á einu máli á Norðurlöndunum um að afnema þríggi ára regluna áður en endurskoðun ESB-reglugerðarinnar tekur gildi.*

Því teljum við ekki tímabært að fara lengra með þetta mál.

Með öðrum orðum er ekki talið að þessar landamærahindranir hafi veruleg áhrif á norrænan almenning, þar sem mjög lítill hópur fólks á í hlut. Unnið er að þessu máli innan ramma ESB-reglugerðarinnar.

Endurskoðun fæðingarorlofs

Því miður hafa einstaklingar lent á milli stafs og hurðar, þegar óljóst er hvaða yfirvöld eigi að greiða fæðingarorlof, til dæmis þegar einstaklingar flytja á milli landa á meðgöngutímanum. Norræni félagstryggingahópurinn fjallar um þessi mál og metur hvort breyta eigi reglum um fæðingarorlof svo einstaklingar verði ekki fyrir þessum óþægindum. Norræni félagstryggingahópurinn hefur skipað vinnuhóp til að fjalla um þessi mál. Hópurinn hefur rætt samnorrænar lausnir þegar dómsúrskurður liggur fyrir og búið er að reikna út fjölskyldubætur viðkomandi. Þá hefur hópurinn rætt hvort einfalda eigi reglur og aðlaga norrænar aðgerðir að evrópskri löggjöf. Hópnum ber að greina norræna félagstryggingahópnum og stofnunum á þessu sviði jafnóðum frá niðurstöðum sínum.

Ég hef óskað eftir því að fá að fylgjast með þessu starfi og vænti þess að hægt verði að sýna fram á áþreifanlegan árangur innan skamms.

Samnorrænt lyfjavottorð

Ekki er til neinn samnorrænn listi yfir hvaða lyf sem innihalda ávana- og fíknefni megi færa á milli landa. Ég tel mjög mikilvægt að finna norræna lausn á því hvernig brugðist skuli við ferðamönnum sem hafa lyf með geðvirkum efnum í fórum sínum. Þetta kemur iðulega upp þegar ferðast er frá öðrum landshlutum Danmerkur til Borgundarhólms gegnum Ystad í Svíþjóð.

Því lagði ég til að norrænu ráðherrarnir myndu lausn á þessu. Svíar sinntu þessu á formennskuárinu og stofnuðu vinnuhóp sem á að semja samnorrænan lyfjalista. Málið var síðast rætt á fundi embættismanna í september 2003. Vinnuhópurinn lagði fram tillögu að lyfjalista og er hún nú til pólitískrar afgreiðslu í norrænu ríkjunum.

NSH-skýrslan – Aðgengi fyrir alla

– Landamærahindranir sem hefta ferðir fatlaðra á Norðurlöndum

Þegar á árinu 2002 ákváðu norrænu félags- og heilbrigðismálaráðherrarnir að leggja sérstaka áherslu á málefni fatlaðra þegar fjallað er um afnám landamærahindrana. Á afmælisþingi Norðurlandaráðs 2002 var lögð fram ráðherranefndartillaga sem byggð var á skýrslunni „Aðgengi fyrir alla – landamærahindranir sem hefta ferðir fatlaðra á Norðurlöndum“. Þessi mál hafa aðallega komið til kasta starfshóps sem fjallar um norræna samninginn um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu en norrænu félags- og heilbrigðismálaráðherrarnir hafa einnig fjallað um málið.

Ráðherrarnir voru sammála um að veita þessu starfi forgang og að sýnilegur árangur ætti að nást. Þeir ákváðu að efla fræðslu um réttindi fatlaðra í löndunum. Þetta fræðsluefni á að leggja á netið, meðal annars með krækju frá upplýsingaþjónustunni „Halló Norðurlönd“. Eitt mikilvægasta en um leið vandasamasta atriðið er hvort Norðurlandabjóðirnar geti komið sér saman um hvernig standa eigi að örorkumati, það er að örorkubætur í einu norrænu ríki gildi einnig í nágrennaríkjunum. Annað málefni er persónuleg aðstoð við búferlaflutninga milli Norðurlandanna. Það er mjög mikilvægt að fatlaður einstaklingur fái persónulega aðstoð þegar hann flyst á milli ríkja. Það á einnig við um aðstoð túlks um það leyti sem flutningarnir eiga sér stað.

Ég nefni þessi dæmi sérstaklega því þau skipta miklu máli fyrir þann einstakling sem þau snerta! Og ég er viss um að hægt er að bæta þetta kerfi á hagsýnan hátt. Því mun ég fylgjast náið með því hvernig þessu lyktar. Um leið fagna ég því að norrænu félags- og heilbrigðismálaráðherrarnir taka nú virkan þátt í þessu starfi.

FJÁRMÁL OG SKATTAR

Norrænar skattaflækjur leystar

Landamærahindranir á sviði fjármála og skatta skipta að sjálfsögðu miklu máli fyrir fólk sem hyggst starfa eða setjast að í norrænu nágrennaríki. Þær hafa nefnilega áhrif á lífeyrissparnað, en um hann gilda mjög mismunandi reglur í ríkjunum. Því skiptir það meginmáli að einstaklingar þekki afleiðingar þessa áður en þeir taka ákvörðun um að starfa eða setjast að í öðru norrænu ríki. Norðurlandabúum hefur reynst erfitt að afla sér nægilegra upplýsinga áður en ákvörðun er tekin.

Önnur vandamál eru til komin vegna skorts á samræmingu milli Norðurlandanna. Þrátt fyrir norrænan samning varðandi tvísköttun, geta einstaklingar lent í vandræðum vegna þess að reglurnar eru ekki nógu skýrar.

Því lagði ég til við norrænu fjármálaráðherrana að stofnaður yrði sérlegur norrænn skattahópur sem fjallaði um þetta mál, svo efla megi upplýsingastreymi og aðgerðir til að skýra þessar reglur!

Rafræn skattaáætlun

Ein leið til að fá einfalda og skýra mynd af því hvernig skattarnir breytast þegar starfað er eða sest að í öðru norrænu ríki, er að þróa rafræna aðferð til að áætla skatta. Þannig getur

fólk sjálf reiknað út hvernig tekjuskattur, sparnaður og skattar af lífeyri breytast ef sest er að í norrænu nágrannaríki. Þannig mætti draga úr óvissu um fjárhagslegar afleiðingar búferlaflutninga og því lagði ég fram tillögu um þetta fyrir norrænu fjármálaráðherrana. Norræni skattahópurinn hefur lagt fram tillögu að rafrænni skattaáætlun og er það von mín að hún verði samþykkt af norrænu fjármálaráðherrunum á fundi þeirra 27. október 2003.

Landamæramiðstöðvar á Norðurlöndum

Einstaklingum sem velja að starfa í norrænu nágrannaríki reynist oft erfitt að fá heildstæðar og tilhlýtandi upplýsingar frá yfirvöldum. Þar tel ég að danski skattamálaráðherrann hafi dottið niður á bráðsnjalla lausn. Við Eyrarsund í Danmörku tekur landamæramiðstöð til starfa í ársbyrjun 2004. Henni er ætlað að aðstoða fólk við Eyrarsund sem fer á milli landa til vinnu sinnar. Danska landamæramiðstöðin á að skrá skattagreiðslur fólks sem hefur mestar tekjur í Danmörku. Það geta verið skattgreiðendur sem búa í Svíþjóð en greiða skatt í Danmörku.

Frá árinu 2000 hafa Svíar starfrækt svipaða upplýsingaskrifstofu í Málmey. Þar fá einstaklingar og atvinnurekendur mikilvægar upplýsingar varðandi skattamál, flutning fyrir-tækja, atvinnuumsóknir, nám, vinnu eða búsetu bæði í Danmörku og Svíþjóð. Á skrifstofunni starfa fulltrúar fimm yfirvalda en þau eru skattayfirvöld, almannatryggingar, atvinnu-miðlun, sveitarfélög og sýsluyfirvöld á Skáni. Þegar ég frétti af landamæramiðstöðinni í Danmörku og sænsku upplýsingaskrifstofunni datt mér í hug að leggja það til við norrænu fjármálaráðherrana að þeir stofnuðu svipaðar skrifstofur í öðrum landamæraheruðum á Norðurlöndum. Ég tel þetta vera góða og almenningsvæna starfsemi!

Fyrirnefndum tillögum fylgt eftir

Norrænu fjármálaráðherrarnir hlýddu þessu kalli og nú fjallar norræni skattahópurinn um tillögurnar þrjár; endurskoðun norrænna sköttunarsamninga, rafræna skattaáætlun og landamæraskrifstofur. Niðurstöður hópsins verða ræddar á fundi norrænu fjármálaráðherranna í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Ósló 2003. Það skal engum dyljast að ég vænti mikils af þessum tillögum.

Greiðslur fyrir peningayfirfærslur banka á Norðurlöndum

Í janúar 2001 lagði Norræna félagið fram skýrslu um gjöld fyrir peningayfirfærslur banka á milli Norðurlandanna. Þar kom í ljós að það kostar tíu sinnum meira að yfirfæra peninga á milli Norðurlandanna en innanlands. Þá geta yfirfærslurnar tekið jafnvel átta daga. Upplýsingum um þær er mjög ábótavant. Samkvæmt skýrslunni upplýsa bankarnir ekki viðskipta-

vini sína nægilega um kostnað í sambandi við yfirfærslur og heldur ekki um hvernig yfirfæra megi á ódýrari hátt.

Bæði fjármálaráðherrarnir og samstarfsráðherrarnir hafa rætt þessi mál. Engu að síður nefndi ég þetta aftur við norrænu fjármálaráðherrana. Fyrsta umræðan fór fram á fundi þeirra í júní 2003. Þar ákváðu ráðherrarnir – að Dönnum undanskildum – að snúa sér til viðkomandi stofnana til að kanna möguleika á að setja reglur um yfirfærslutímamann á milli Norðurlandanna. Málið verður aftur til umræðu á fundi fjármálaráðherranna í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Þegar þetta er skrifað er ekki hægt að greina frá niðurstöðum þeirrar umfjöllunar. Þó ber að geta þess að Norræna félagið hefur staðið að nýrri könnun á þessu vandamáli. Þar kemur í ljós að bankarnir hafa bætt upplýsingar sínar til viðskiptavina sinna. Yfirfærslurnar taka nú styttri tíma en áður en þó lengri tíma en yfirfærslur innanlands. Gjöldin eru ennþá fremur há.

Ég tel að leysa beri þennan vanda. Það er mjög mikilvægt bæði fyrir hinn almenna borgara en ekki síður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á Norðurlöndum. Sérstaklega í landamærahéruðum, til dæmis á Eyrarsundssvæðinu, myndi lausn á þessum vanda skipta miklu máli fyrir fólk sem fer á milli landa til vinnu og fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Ég hlakka því til að heyra hvernig fjármálaráðherrarnir taka á þessu máli.

VINNUMARKAÐUR

Opinn og sveigjanlegur vinnumarkaður

Eitt markmiðið með afnámi landamærahindrana á Norðurlöndum er að skapa opinn og sveigjanlegan vinnumarkað. Því verða formlegir rammar á þessu samstarfssviði að virka hvetjandi í þá átt. Því lagði ég fram eftirfarandi tillögur fyrir norrænu vinnumálaráðherrana:

Samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað nái einnig til nýbúa

Um það bil 750.000 ríkisborgarar af öðrum uppruna en norrænum hafa dvalar- og atvinnuleyfi á Norðurlöndunum en njóta engra réttinda sem getið er í norrænum samningi um sameiginlegan vinnumarkað. Hér er um töluverðan fjölda borgara á Norðurlöndum að ræða sem nýtur ekki sömu réttinda og norrænir ríkisborgarar. Því hvatti ég norrænu vinnumálaráðherrana til að endurskoða samninginn um sameiginlegan vinnumarkað með það fyrir augum að hann næði einnig til nýbúa sem hafa dvalar- og atvinnuleyfi í norrænum ríkjum.

Norrænu vinnuáráðherrarir ræddu þetta á fundi sínum í september 2003. Tilfni umræðunnar var greinargerð um almenna endurskoðun á norræna vinnuáráðssamningnum sem hófst í júní 2003. Þá var ákveðið að leitast við að láta samninginn einnig ná til nýbúa með annað ríkisfang en norrænt. Á fundinum lögðu ráðherrarir áherslu á að kannaðir yrðu möguleikar á aðlögun nýbúa að norrænum vinnuáráði. Lögð var áhersla á að endurskoðun samningsins skyldi miðuð við að opinn vinnuáráður á Norðurlöndum næði einnig til nýbúa.

Danir sátu hjá vegna fyrirvara þeirra á löggjöf ESB þar sem fjallað er um þessi málefni. Í greinargerðinni á einnig að geta vandkvæða sem þessi lausn getur haft í för með sér. Skýrslan er væntanleg í desember 2003.

Sveigjanlegar atvinnuleysistryggingar

Forsendan fyrir sveigjanlegum vinnuáráði er að staða íbúa landamæraheraða sem fara á milli ríkja til vinnu sinnar verði bætt. Þetta myndi ekki síst gagnast atvinnugreinum þar sem tímabundinn skortur á hæfu vinnuáfli gerir vart við sig. Því lagði ég til við norrænu vinnuáráðherrana að fólk sem er ráðið til skamms tíma í öðru landi - það er styttra en sex mánuði á ári - verði ekki neytt til að flytja atvinnuleysistryggingar sínar á milla landa. Sérfræðingur var fenginn til að meta þessa tillögu og niðurstaða hans var sú að ógerlegt væri að framkvæma hana innan ramma ESB-löggjafarinnar. Hins vegar leggur hann til að Norðurlöndin reyni að samræma reglur sínar um atvinnuleysistryggingar. Til dæmis gætu skráningar- og afskráningareyðublöð verið eins úr garði gerð. Þá lagði hann til að efla upplýsingunafjónustuna „Halló Norðurlönd“ svo um munaði til að tryggja borgurinum mun betri upplýsingar en nú er raunin.

Norrænu vinnuáráðherrarir samþykktu þessa tillögu og ákváðu að láta kanna hvernig ríkin gætu samræmt reglur sínar án þess að það yrði á skjön við ESB-löggjöfina.

Þekking mikilvægari en ríkisfang

Í skýrslu Ole Norrbacks sendiherra kemur fram að stundum sé krafist innlends ríkisfangs þegar ráðið er í opinber störf. Áþreifanlegt dæmi um þetta er sænskur ríkisborgari sem hefur búið í Finnlandi í sex ár en fékk ekki ráðningu sem fjármálastjóri sóknarnefndar vegna þess að krafist var finnsks ríkisfangs til að gegna þeirri stöðu. Að mínum dómi er þetta gjórsamlega óréttlátt og dæmi um úrelta löggjöf sem verður að breytal Því lagði ég til að norrænu vinnuáráðherrarir samhæfðu reglurnar í þá veru að þegar fólk er ráðið til opinberra starfa fái krafan um ríkisfang miklu minna vægi en þess í stað verði áherslan lögð á þekk-

ingu viðkomandi. Þetta mál hefur verið til athugunar í öllum ríkjunum og niðurstaðan er sú að mjög fáar stöður krefjast innlends ríkisfangs. Norrænu vinnumálaráðherrarirnir ákváðu að láta gera yfirlit yfir þessi störf og síðan vinna lista yfir störf þar sem ríkisfang getur talist mikilvægara en þekking umsækjanda. Sænski formaðurinn lagði áherslu á að sá listi yrði tilbúinn sem fyrst.

Rafræn atvinnumiðlun á netinu

Markmiðið með því að afnema landamærahindranir hlýtur að vera að skapa meiri hreyfanleika á Norðurlöndum – ekki síst á vinnumarkaði. Því lagði ég til að atvinnumiðlunarvefir á vegum yfirvalda norrænu ríkjanna yrðu tengdir betur saman til að auðvelda gagnkvæma leit einstaklinga og fyrirtækja, ekki síst í landamærahéruðum á Norðurlöndum. Þannig mætti draga úr sveiflum á vinnumarkaði en það hefur einmitt verið tilgangurinn með samnorrænum vinnumarkaði.

Norrænu vinnumálaráðherrarirnir ræddu þessa tillögu á fundi sínum í september 2003 og komust að samkomulagi um að efla samnorræna atvinnumiðlun á netinu. Stjórnarhópur um samnorræna atvinnumiðlun vinnur að þessari tillögu í ár og næsta ári. Vinnumálaráðherrarirnir lögðu áherslu á að framkvæmd rafrænnar atvinnumiðlunar mætti ekki dragast á langinn. Það tel ég bæði jákvætt og framsækið.

MENNTAMÁL

Samhæfing og gagnkvæm viðurkenning

Á mennta- og vísindasviði hef ég lagt aðaláherslu á eftirfarandi þrjú málaflokka:

1. Samhæfingu á menntun, prófum og hæfniskröfum,
2. Sameiginlegar reglur um námsstyrki til að tryggja jafnan rétt námsmanna,
3. Nýtt norrænt samstarfssvið, þ.e. gagnkvæma viðurkenningu á verkmennt.

Þar tel ég gagnkvæma viðurkenningu á verkmennt vera sérlega mikilvæga. Við verðum að tryggja stöðu stórra hópa fólks með verkmenntun og verslunarmennt. Það eru mikilvægar forsendur fyrir sveigjanlegum vinnumarkaði.

Um leið og tillögur um eflingu norrænnar samvinnu á menntasviði voru lagðar fram var lögð fram skýrslan „Norrænir samningar um menntun í ljósi ESB/EES-réttar“ (Nordiske

utdanningsavtaler. Forholdet til EU-/EØS-retten) frá maí 2003 en þar er fjallað um lagahlið norrænna samninga um menntamál. Þetta lögfræðiálit gaf tilefni til umræðu norrænu menntamálaráðherranna um afnám landamærahindrana á Norðurlöndum á fundi þeirra í byrjun júní 2003.

Samræming á námsstyrkjum

Stundum vilja námsmenn detta á milli tveggja námsstyrkjakerfa. Þetta gerist einkum þegar Norðurlandabúi leggur stund á námi í öðru norrænu ríki en heldur síðan áfram námi í þriðja ríkinu. Stundum er óljóst hvaða yfirvöldum beri að veita námsmanninum styrk. Annað vandamál tengist námsmannaafslætti í almenningsfarartækjum. Þar lenda norrænir námsmenn stundum milli stafs og hurðar. Ástæðan er sú að það er mjög mismunandi eftir löndum hvort og/eða hvernig veittir eru afslættir með opinberum farartækjum.

Norrænu menntamálaráðherrarnir hafa skipað hóp sérfræðinga til að líta á þessi mál. Í lögfræðiálitinu er einnig bent á að bæta megi reglur um úthlutun námsstyrkja. Í fyrsta lagi að norrænir ríkisborgarar skuli alltaf eiga kröfu á fjármögnun náms samkvæmt reglum heimalandsins. Í öðru lagi að nám í öðru norrænu ríki skuli viðurkennt til þess að námsmaður geti fengið námsstyrk frá heimalandi sínu. Þessar breytingar myndu gera námsstyrkjakerfin lipurri en nú er raunin og virka hvetjandi á ferðir námsmanna á milli norrænu ríkjanna. Þess vegna lagði ég til að menntamála- og vísindaráðherrarnir litu nánar á hvernig bæta megi námsstyrkjakerfin.

Norrænu menntamálaráðherrarnir samþykktu þetta og ákváðu að fela Stjórnarnefnd um æðri menntun (HÖGUT) að fjalla um lögfræðiálitid í ljósi skýrslu sem unnin var af sérfræðingum á vegum HÖGUT. Í greinargerð nefndarinnar eiga að koma fram tillögur sem menntamálaráðherrarnir fjalla á árinu 2004.

Samnorræn viðurkenning á prófum og hæfni

Mikilvægar forsendur fyrir auknum hreyfanleika á Norðurlöndum er gagnkvæm viðurkenning á norrænum hæfniskröfum og prófum. Nú er til norrænn samningur um gildi prófa, en það er Sigtunasamningurinn svokallaði. Mikið starf er unnið á þessu sviði innan vébanda Evrópusambandsins. Ég hvatti norrænu menntamálaráðherrana til að efla samstarf sitt um þessi mál enn frekar. Þegar ráðherrarnir höfðu fjallað um tillögu mína var niðurstaða þeirra sú, *að þeir telji afar mikilvægt að tryggja námsmönnum við æðri menntastofnanir og öðrum Norðurlandabúum fullan rétt til að stunda nám í öðru norrænu ríki en heimalandinu. Próf, áfangar og annað mat á frammistöðu eigi að viðurkenna til fullnustu á milli Norðurlandanna.*

Þetta verði að koma fram í nýrri norrænni viljayfirlýsingu. Yfirlýsingin komi í stað ákvörðunar Norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. júní 1975 um gagnkvæma viðurkenningu opinberra prófa (Sigtuna-samningurinn). Nýja viljayfirlýsingin á að auðvelda gagnkvæma viðurkenningu á æðri menntun á Norðurlöndum og byggja á evrópskum samningi um viðurkenningu æðri menntunar (Lissabon-samningurinn).

HÖGUT hefur verið falið að meta möguleika á að semja tillögu að viljayfirlýsingunni. Norrænu menntamála- og vísindaráðherrarnir munu fjalla um tillöguna á árinu 2004.

Þetta er gott dæmi um að norrænt samstarf innan ramma ESB skiptir máli og getur haft jákvæðar afleiðingar fyrir námsmenn.

Norrænt samstarf um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, sveinsbréfum og verkmennt

Fram að þessu hefur ekki verið lögð mikil áhersla á verkmennt í opinberu norrænu samstarfi. Ég tel þó afar nauðsynlegt að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum og sveinsbréfum ef takast á að koma á nauðsynlegri hreyfingu á vinnumarkaði.

Samstarf á þessu sviði er hafið innan vébanda ESB og er það kennt við Kaupmannahöfn. Í beinu framhaldi af því var haldinn norrænn fundur í Sigtuna í maí 2003 þar sem fjallað var um verkmennt undir fyrirsögninni „Nánara norrænt samstarf um verkmennt í ljósi Evrópusamvinnunnar“. Í framhaldi af þeim fundi ákváðu norrænu menntamálaráðherrarnir að Stjórnarnefnd um norrænt skólasamstarf setti af stað norrænt samstarfsverkefni um viðurkenningu á erlendri verkmennt á Norðurlöndum. Forverkefni sem þegar er hafið á að kanna hvar gagnkvæm viðurkenning á sér stað, hvar breytinga sé þörf og hvernig halda eigi þessu starfi áfram – bæði innan Norðurlandanna og á Evrópuvettvangi. Skýrsla um stöðu mála á að liggja fyrir á fyrsta fundi norrænu menntamálaráðherranna árið 2004. Ég bind miklar vonir við þessa yfirlýsingu og árangur sem af henni leiðir!

ATVINNULÍF

Atvinnulíf án landamæra

Opinn og hreyfanlegur vinnumarkaður er forsenda fyrir farsælu atvinnulífi á Norðurlöndum. Þess vegna er afnám landamærahindrana mjög jákvætt fyrir norrænt atvinnulíf. Það eru fleiri landamærahindranir í norrænu atvinnulífi en þær sem varða ferðafrelsi borgaranna. Því lagði ég til við norrænu iðnaðarmálaráðherrana á fundi þeirra í lok september að þeir létu gera úttekt á þessum málum. Þannig mætti kanna hvaða landamærahindranir bitna á

atvinnulífínu og ekki síst að benda á tillögur um hvernig þær megi afnema. Greinargerðin ætti að byggja á upplýsingum sem þegar liggja fyrir og vera jafn metnaðarfull og skýrsla Ole Norrbacks sendiherra og fyrrverandi samstarfsráðherra Finna „Réttindi Norðurlandabúa“.

Þegar þetta er ritað eru iðnaðarráðherrarnir norrænu að fjalla um þessa tillögu.

Auk þess lagði ég fram fjórar tillögur fyrir norrænu iðnaðarráðherrana:

Lögmælifræði

Fyrsta tillagan varðar lögmælifræði, það er að segja eftirlit með löggildingu á mælitækjum, svo sem vogum, hitaorkumælum, gasmælum og vatnsmælum. Mikið er framleitt af slíkum mælitækjum á Norðurlöndunum. Samt eru gerðar mismunandi kröfur í sambandi við prófanir á gerð og byggingu þeirra í löndunum. Hér sé ég þörf á samræmingu. Unnið er að þessu hjá ESB en því verki verður ekki lokið fyrir en að mörgum árum liðnum. Ekkert er því til fyrirstöðu að Norðurlandþjóðirnar verði fyrri til! Því lagði ég til við norrænu iðnaðarráðherrana að við á Norðurlöndum myndum koma okkur saman um hvernig skuli staðið að prófunum og samræmismati mælitækja þannig að spara megi tíma og fyrirhöfn.

Norrænu iðnaðarráðherrarnir skipuðu norrænan samstarfshóp um mælifræði, til þess að efla norrænt samstarf í tengslum við tilskipun ESB um mælitæki. Þetta er jákvæð niðurstaða.

Norrænn vettvangur fyrir aðlögun ESB-tilskipunar um evrópska hlutafélagið (SE)

Önnur tillaga mín til norrænu iðnaðarráðherranna fjallaði um að stofna norrænan vettvang þar sem fjallað er um aðlögun ESB-tilskipunar um evrópska hlutafélagið í norrænu ríkjunum. Norðurlöndunum er tiltölulega frjálst hvernig þau aðlaga sig að þessari tilskipun. Lagalega er það vandkvæðum bundið að stofna samnorrænt fyrirtæki og bitnar það á samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja. Því tel ég afar mikilvægt að koma í veg fyrir frekari landamærahindranir og leggja þess í stað áherslu á að aðlaga löggjöf landanna að löggjöf norrænu nágrannaríkjanna. Ég er viss um að það yrði til mikils gagns fyrir norrænt atvinnulíf! Iðnaðarráðherrarnir tóku þessu vel og stofnuðu vinnuhóp sem á að ræða hvernig nýjum réttarfarslegum ákvæðum Evrópudómstólsins verði framfylgt. Þannig getur norrænt samstarf á þessu sviði þróast og fengið fastari ramma.

Reglur sem geri það kleift að færa halla og tekjur á milli landanna

Núverandi lög og reglugerðir koma í veg fyrir að fyrirtæki geti starfað sem eitt fyrirtæki þvert á landamærin. Ef til dæmis er gróði hjá fyrirtæki í Svíþjóð en halli í Finnlandi er ekki

hægt að jafna þetta út á milli ríkjanna. Það er mikilvægt fyrir fyrirtæki að það borgi aðeins skatt af hreinum rekstrartekjum. Nú er þetta ekki hægt sökum mismunandi skattalöggjafar í ríkjunum. Í versta lagi getur fyrirtæki sem hefur samanlagðan gróða á Norðurlöndunum neyðst til að leggja niður fyrirtæki sín í sumum löndunum vegna rekstrarhalla. Því lagði ég til að norrænu iðnaðarráðherrarnir myndu lausn sem gerði það mögulegt að færa halla og gróða á milli landanna.

Norrænu iðnaðarráðherrarnir ræddu tillögu mína en komust að þeirri niðurstöðu að ekki væri raunhæft að fylgja þessu á vettvangi norræns samstarfs. Árið 1991 lagði Framkvæmdastjórn ESB fram svipaða tillögu og því töldu norrænu iðnaðarráðherrarnir að lausnina ætti fyrst og fremst að finna innan ESB. Ég geri mér grein fyrir því að tillaga mín um að gera það kleift að færa halla og gróða á milli norrænu ríkjanna er mjög metnaðarfull og tek því ákvörðun iðnaðarráðherranna til greina.

Vandamál vegna milliverðlagningar

Norræn skattayfirvöld leggja mikla áherslu á að fyrirtæki greiði skatta vegna vöru og þjónustu í milliríkjaviðskiptum skyldra fyrirtækja, t.d. móður- og dótturfyrirtækis. Þetta er kallað milliverðlagning. Þetta er sérlega vandasamt þegar ekki er um að ræða áþreifanlega vöru eða þjónustu, heldur til dæmis þróunarvinnu, ekki síst ef hún er unnin í teymi starfsmanna í mörgum löndum. Þette hefur í för með sér áþreifanlegan rekstrarkostnað fyrir fyrirtækin sem getur reynst óyfírstíganlegur, ekki síst fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þess vegna hvatti ég norrænu iðnaðarráðherrana til að taka frumkvæði að norrænu samstarfi til að leysa þennan vanda.

Norrænu iðnaðarráðherrarnir ræddu þetta en komust að þeirra niðurstöðu að ekki væri hægt að leysa þetta á norrænum vettvangi. Þeir vísuðu til að þetta væri hnattrænt vandamál, og unnið væri að því að semja sérstakar reglur þar að lútandi innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Þá væri unnið að þessum málum á ESB-vettvangi.

Almennt er ég ánægður með viðbrögð norrænu iðnaðarráðherranna við tillögum mínum. Afnáam landamærahindrana skiptir miklu máli fyrir einstaklinga og fyrirtæki, ekki síst á tímum stórauðinnar samkeppni á alþjóðavettvangi.

BYGGÐAMÁL

Norræn landamærahéruð

Norrænu landamæranefndirnar gegna mikilvægu hlutverki við afnám landamærahindrana á Norðurlöndum. Á landamærasvæðunum er unnið að því að afnema sérlegar hindranir. Þar bera sveitarfélög og sýsluyfirvöld ábyrgð á því að fylgja settum landslögum og að veita réttar og nægilegar upplýsingar. Því hef ég beðið landamæranefndirnar um að benda á helstu landamærahindranirnar og hvernig valið hafi verið að leysa þær á einfaldan og hagsýnan hátt. Landamærahindranir verða ekki fjarlægðar með lagasamræmingu einni saman. Það eru líka til stjórnsýslulegar lausnir, til dæmis samræmd túlkun á samningum. Þar ber sérstaklega að nefna GOLIN-verkefnið svokallaða, en markmið þess er að finna bestu lausnirnar á norrænum landamærahindrunum. Reynsla og tillögur fulltrúa landamærasvæðanna skipta miklu máli þegar unnið er að afnámi landamærahindrana. Að öllum líkindum mun landamæraskrifstofan leggja meiri áherslu á þennan þátt í starfi sínu.

Afnám landamærahindrana er nú þegar á dagskrá byggðamálasamstarfsins og mun ég fara fram á að ræða það nánar á fundi norrænu byggðamálaráðherranna í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Ósló í október 2003.

GOLIN-verkefnið: Bestu landamæralausnirnar á Norðurlöndum

Fjögur landamærasvæði (Eyrarsund, Östfold-Bohuslén/Dalsland, Haparanda/Torneå og ARKO-samstarfið) hafa tekið höndum saman um að fá yfirlit yfir bestu lausnir á landamærahindrunum á Norðurlöndum. Markmið GOLIN-verkefnisins er að gera yfirlit yfir landamærahindranir á vinnumarkaði og koma með tillögur um hvernig taka beri á þeim á landamærasvæðunum. Þannig gefst tækifæri til að bera saman reynslu sína og læra af því sem vel hefur tekist. GOLIN-verkefnið hófst á málþingi 27. maí 2003, þar sem ég var viðstaddur. Fyrsti vinnufundurinn var haldinn í ágúst 2003. Þar ræddu landamæranefndirnar um hindranir sem tengjast hreyfanlegum vinnumarkaði og auknu upplýsingastreymi til almennings. Menn ræddu fengna reynslu af atvinnumiðlun sem starfar í Morokulien (það er stór hluti landamæra Noregs og Svíþjóðar) og á Haparanda/Torneå-svæðinu. Verkefnið er til tveggja ára og er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

Tölur yfir ferðir vinnuafls yfir landamæri Norðurlanda

Þegar unnið er að afnámi landamærahindrana er nauðsynlegt að hafa áreiðanlegar tölur yfir þann fjölda sem fer yfir landamæri til vinnu sinnar. Á byggðamálasviði er nú hafið mikilvægt starf til að fá heildarmynd af ferðum vinnuafls yfir landamæri á Norðurlöndum. Sá hluti skýrslunnar sem fjallar um ferðir yfir landamæri Noregs og Svíþjóðar, en það eru lengstu landamæri í Evrópu, verður kynntur í desember 2003. Aðrir hlutar skýrslunnar eru væntanlegir vorið 2004.

DÓMSMÁL

Samræming sifja- og hjúskaparréttar á Norðurlöndum

Á Norðurlöndunum gilda mismunandi reglur um búskipti við hjónaskilnað og erfðamál maka. Hafið er mikið starf til að fá heildarmynd af sifja- og hjúskaparlöggjöf Norðurlandanna. Tvær bækur um sifjarétt komu út í apríl 2003. Þriðja bókin fjallar um réttarstöðu barna og foreldra og er væntanleg síðar á þessu ári. Að þessu verki loknu vænti ég þess að starfið skili áþreifanlegum árangri. Þetta er mjög metnaðarfullt verk enda er mikilvægt að norrænir borgarar séu vel tryggðir að þessu leyti.

Því tel ég að samræming norrænnar löggjafar og hagsýnar lausnir varðandi sifja- og hjúskaparrétt á Norðurlöndum séu mjög mikilvægur liður í afnámi landamærahindrana. Þá má vænta þess að farið verði að vinna að þessum málum innan vébanda ESB. Því tel ég mjög áreiðandi að Norðurlandapjóðirnar reyni að nálgast hver aðra á þessu sviði.

NEYTENDAMÁL

Verkefni um grunnþjónustu – þar á meðal krafa um kennitölu við stofnun bankareiknings

Oft er krafist kennitölu þegar stofnaður er bankareikningur. Í öðrum tilvikum getur Norðurlandabúi stofnað bankareikning án þess að gefa upp kennitölu. Þetta bendir til þess að reglur þar að lútandi séu mjög óljósar. Nú er hafin úttekt á því hvenær krafist er kennitölu eða álíka upplýsinga við stofnun bankareiknings. Skýrslan er væntanleg í nóvember 2003. Það getur reynst erfitt fyrir Norðurlandabúa að uppfylla kröfur sem gerðar eru við stofnun bankareiknings. Þessi landamærahindrun skiptir miklu máli fyrir hinn almenna

borgara. Ég vænti mikils af skýrslunni því hún mun leiða í ljós hvaða hindranir eru í löndunum fyrir því að fólk geti stofnað bankareikning.

Landamærahindranir neytenda á Norðurlöndum

Á Norðurlöndunum gilda mismunandi lög um rétt neytenda. Gerð hefur verið skýrsla um almennar landamærahindranir á sviði neytendamála. Niðurstaðan var sú að ekki væru neinar megin hindranir á þessu sviði.

Embættismenn ræddu þessar niðurstöður á fundi sínum. Þar sem þessi mál hafa ekki verið rædd á ráðherrafundi hef ég ekki haft tök á því að ræða þessar niðurstöður við viðkomandi fagráðherra.

ÞVERFAGLEGAR AÐGERÐIR

Samnorræn kennitala

Við lestur Norrback-skýrslunnar og í samtölum við almenna borgara hef ég komist að því að það getur verið snúið að fá kennitölu/skilríki þegar fólk flyst búferlum á milli norrænna ríkja. Það getur tekið sérlega langan tíma að fá nafnskírteini. Þetta gerir að verkum að það getur reynst sérlega erfitt að stofna bankareikning, að fá nýtt skattakort, að opna síma og að leigja sér húsnæði þar sem krafist er persónuskilríkja við þessi tækifæri.

Því lagði ég til að norrænu samstarfsráðherrarnir könnuðu hvort einstaklingar á öllum Norðurlöndum gætu ekki notað kennitöluna frá upprunalandinu. Það held ég að yrði mikil bragarbót fyrir hinn almenna borgara.

Samstarfsráðherrarnir urðu við þessari bón og settu á fót nefnd, sem átti að kanna þessa tillögu á stuttum tíma. Þar kom í ljós að það yrði mjög kostnaðarsamt að breyta skráningar-kerfum hjá þjóðskrár landanna og að það myndi krefjast töluverðra breytinga að koma til móts við tillögu mína. Þess í stað voru menn sammála um að kerfið yrði að vera lípurra og þar með almenningsvænna. Lausnin er að norrænir borgarar fái persónuskilríki innan tveggja daga eftir að þeir hafa skráð sig í búsetulandið.

Samstarfsráðherrarnir voru sammála um að breyta núverandi norrænum samningi um þjóðskráningu þannig að upplýsingar um flutninga frá einu norrænu landi til annars geti borist beint til norrænna þjóðskráningarskrifstofa í báðum löndunum. Norræni starfs-
hópurinn á að semja tillögu um breytingar á norræna samningnum. Tillagan verður lögð fram á fundi norrænu samstarfsráðherranna í Stokkhólmi 15. desember 2003.

Norræni tungumálasamningurinn

Norræni tungumálasamningurinn fjallar í stuttu máli um það að norrænir borgarar á Norðurlöndum geti tjáð sig á móðurmáli sínu í samskiptum sínum við yfirvöld og opinberar stofnanir í norrænu nágrannaríki. Þetta á til dæmis við um dómstóla, sjúkrahús, félagsmála- stofnanir, skattayfirvöld, lögreglu og fræðsluyfirvöld. Því miður virðist samningurinn ekki nýttast sem skyldi. Þá er lítið um þennan samning vitað hjá yfirvöldum og einstaklingum.

Norrænu samstarfsráðherrarnir hafa ákveðið að endurskoða norræna tungumálasamninginn. Þá skal leitað leiða til að efla upplýsingar um norræna tungumálasamninginn. Fyrst verða kynntar niðurstöður af úttektinni en endanleg skýrsla mun liggja fyrir í maí 2004.

Þar er tekið sérstaklega fram að allt bendir til þess að svipaðir samningar geti verið meira bindandi þar sem þeir eru ekki háðir mati í hverju tilviki. Þá spannar norræni tungumálasamningurinn óvenju breitt svið. Í norræna tungumálasamningnum felst réttur til að nota sum norræn tungumál, en í öðrum samningum er talað um að nota tungumál sem hlutaðeigandi einstaklingur getur talað eða skilið.

Þegar farið verður í saumana á tungumálasamningnum ber einnig að skoða hann í ljósi löggjafar Evrópudómstólsins.

Landamærahindranir fyrir umferð í atvinnuskyni á Norðurlöndum

Í apríl 2003 tók ég þátt í mjög árangursríkri ráðstefnu sem Svíar héldu í Karlstad um umferð í atvinnuskyni. Á ráðstefnunni var rætt um ýmsar landamærahindranir, til dæmis tollafgreiðslu, þar á meðal tolltryggingarfé fyrir atvinnuökumenn sem aka um fleiri ríki, og gagnkvæma viðurkenningu á ökuskipteinum á Norðurlöndum. Ráðstefnuna sátu fulltrúar ráðuneyta, yfirvalda, sérsambanda og atvinnulífsins á Norðurlöndum. Tilgangur ráðstefnunnar var að finna landamærahindranir á þessu sviði og hvernig hægt væri að afnema þær. Þá var haldin önnur ráðstefna í lok september 2003 í Östersund í Svíþjóð þar sem stjórnáamenn voru viðstaddir. Þetta skilaði áþreifanlegum árangri. Berit Andnor, samstarfsráðherra Svía sagði mér eftirfarandi um þann árangur sem náðist:

Varðandi tollafgreiðslu og gjöld er málum þannig háttað, að af vöruflutningum milli Svíþjóðar og Noregs ber að greiða tollafgreiðslugjöld ef afgreiðslan fer fram eftir skrifstofutíma. Áður skapaði það óánægju og bitnaði jafnvel á umferðarörygginu þegar bílstjórar kepptust um að ná tollafgreiðslu fyrir lokunartíma. Sænsk og norsk tollyfirvöld hafa nú komist að samkomulagi um að afgreiða tollgjöldin eins og að rafræn afgreiðsla skuli vera ókeypis. Það þýkir raunhæft að þetta geti gerst árið 2004.

Annað vandamál tengist gjöldum af tímabundnum innflutningi á vélum. Í dag er það þannig að þegar verktaki í byggingariðnaði ætlar að vinna tímabundið í norrænu nágrannaríki þá neyðist hann til að borga innflutningsgjöld af vélum o.þ.h. sem tryggingu. Meginhluti upphæðarinnar endurgreiðist einhverjum mánuðum síðar. Engu að síður getur verið um háar upphæðir að ræða og getur það haft mikil áhrif á greiðslugetu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Nú hafa Svíar og Norðmenn náð samkomulagi um að gjaldþol fyrirtækjanna verði metið í staðinn svo þau losni við að greiða þessa tryggingu.

Þriðja vandamálið tengist flutningi á blönduðum varningi (það er að segja mismunandi vörutegundum). Þannig varning má ekki flytja yfir landamæri þar sem engir landamæraverðir eru. Því verða bílstjórnarnir að aka mikla krókaleið. Nú hefur verið fundin lausn á þessu máli. Forverkefni verður hafið í janúar 2004.

Fjórða atriðið þar sem norrænu samstarfi hefur miðað áfram á sviði umferðar í atvinnuskyni varðar lengd farartækjanna. Samkvæmt ESB-reglum mega vöruflutningabílar í ESB- og EES-ríkjum ekki vera lengri en 18,75 metrar. Í Svíþjóð og Finnlandi eru undanþágur frá þessari reglu um að vöruflutningabílar megi vera allt að 25,25 metrar langir og vega 60 tonn. Mismunandi reglur um vöruflutninga á milli ríkja á Norðurlöndunum hafa aukinn kostnað í för með sér og tefur umferðina þar sem oft er krafist að vöruflutningabifreiðarnar séu tæmdar vegna tollskoðunar við landamærin. Á liðnu ári hefur jákvætt samstarf átt sér stað milli fulltrúa norrænna yfirvalda og atvinnulífs til þess að leita lausna á þessu og hafa verið lagðar fram tillögur um tilraunir á þessu sviði. Í Noregi hafa til dæmis verið prentuð vegakort sem sýna heppilegar leiðir fyrir farartæki sem eru allt að 25,25 metrar að lengd og 60 tonn að þyngd.

Fimmta vandamálið tengist gagnkvæmri viðurkenningu á ökuskírteinum. Ég hef haft afskipti af slíku máli sem tengdist viðurkenningu á sænskum kranaréttindum í Finnlandi og Álandseyjum. Álenskur kranastjóri hafði starfað í 20 ár með sænsk kranaréttindi. Þá var honum sagt að þreyta finnskt próf ef hann ætlaði að gera sér vonir um að starfa áfram á Álandseyjum. Það er umhugsunarvert að norrænir kranastjórar skuli ekki sjálfkrafa frá viðurkenningu á réttindum sínum í norrænu nágrannaríki. Ég geri ráð fyrir því að þetta séu ófyrirsjáanlegar afleiðingar af löggjöf ríkjanna. Engu að síður höfum við nú náð þeim árangri að menn hafa náð samkomulagi um að samræma norrænar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á einmitt kranaréttindum.

TVÍHLIÐA LANDAMÆRAHINDRANIR

Farartálmar á Borgundarhólmi

Þá hafa landamærahindranir á Borgundarhólmi vakið athygli mína. Helsta leiðin til og frá Borgundarhólmi liggur um Ystad í Svíþjóð. Það er þó ekki vandræðalaust. Margir hafa leitað til mín vegna vandræða með að taka gæludýr með sér, það er að segja hunda og ketti. Það er bæði erfitt og dýrt að taka gæludýr með sér ef valið er að fara um Ystad! Það krefst til dæmis tíðra bólusetninga. Ég sneri mér til sænskra yfirvalda til að ræða meðal annars þetta mál. Þegar þetta er skrifað er verið að vinna að lausn þessa. En það eru líka margar aðrar hindranir. Dönsk og sænsk yfirvöld hafa komist að samkomulagi um margt en annað er enn á umræðustigi. Ég vænti þess að þau mál verði leyst árið 2004!

Vopn til veiða og keppni

Þegar haldnar eru skotkeppnir á Borgundarhólmi hafa keppendur lent í vandræðum með að flytja keppnisvopn sín gegnum Svíþjóð. Ríkislögregluþingvöld hafa upplýst að Svíar krefjast flutningsleyfa. Auk þess er krafist gjalds þegar vopnin eru færð inn í landið. Í Svíþjóð gilda vopnalög og reglugerðir. Samkvæmt vopnalögunum er innflutningaleyfis krafist þegar farið er um landið. Veita má slíkt leyfi til einnar eða fleiri ferða í mesta lagi eitt ár og þarf að færa það inn í evrópskt skotvopnaskírteini eigandans.

Sænska dómsmálaráðuneytið er að skoða þetta mál til að meta hvaða breytingar Svíar þurfi að gera á löggjöf sinni. Fyrsti hluti skýrslu um þetta mál verður kynntur í byrjun næsta árs.

Lyf

Norræna embættismannanefndin á sviði vímuefna tók fyrir tillögu í september 2003 um að einfalda afgreiðslu vottorða fyrir ferðamenn sem hafa lyf sem innihalda ávana- og fíkniefni í fórum sínum. Þessi einföldun hefur bein jákvæð áhrif á ferðir fólks milli Danmerkur og Borgundarhólms gegnum Ystad. Í tillögunni felst að öll Norðurlöndin komi sér saman um sameiginlegan lista yfir lyf sem krefjast Schengen-vottorðs. Listinn sem saminn verður í tengslum við tillöguna verður síðan afgreiddur pólitískt í löndunum.

EINHLIÐA LANDAMÆRAHINDRANIR

Landamærahindranir sem snerta eitt land

Í starfi mínu sem sérlegur fulltrúi í starfi um að afnema landamærahindranir á Norðurlöndum hefur fjöldi Norðurlandabúa leitað til mín vegna vandræða sem þeir hafa lent í í samskiptum sínum við opinbera kerfið. Ég hef tekið á sumum þessara mála og skrifað til viðkomandi norræna ráðherra um tillögur að lausn þeirra. Þessi vandamál hafa oft verið dæmi um einhliða landamærahindranir, það er snert aðeins eitt norrænt ríki. Hér á eftir gef ég tvö dæmi um þannig mál sem eru að hluta leyst.

Viðurkenning á prófum frá Norræna heilsugæsluháskólanum í Gautaborg

Eitt vandamál sem hefur áhrif á Norðurlöndin öll en sem aðeins sænska formennskan getur leyst er viðurkenning á prófum frá Norræna heilsugæsluháskólanum (NHV) í Gautaborg. Fram að þessu hefur ekki staðið á atvinnurekendum að viðurkenna prófskírteini frá NHV, en engu að síður hefur orðið vart óöryggis hjá núverandi og tilvonandi námsmönnum. Það grefur undan stöðu skólans þegar námsmenn sækja um námsstyrki. Lausn þessa vanda krest aðeins breytinga á sænskri löggjöf. Svíar tóku röggssamlega á þessu máli og hafa fundið jákvæða lausn! Ríkisstjórnin ákvað að breyta háskólalögunum þannig að Norræna heilsugæsluháskólans er sérstaklega getið en þannig nýtur hann jafnréttis á við aðrar sænskar menntastofnanir. Þessi breyting tók gildi þann 1. október 2003.

Íslensk nafnalög

Íslensk nafnahefð byggir á því að börn séu nefnd eftir feðrum sínum, þannig að föðurnafnið endar á –dóttir eða –son. Fram að þessu hafa Íslendingar átt í örðugleikum með að fylgja nafnahefð sinni í Svíþjóð. Sænsk skattayfirvöld synjuðu beiðni foreldra um að skrá íslensk nöfn þeirra.

Þetta vandamál er nú úr sögunni! Sænska ríkisstjórnin ákvað að breyta nafnalögum sínum. Breytingin felur í sér að íslenskir einstaklingar, einnig þeir sem hafa sænskt ríkisfang, geta haldið nafni eða fengið nafn sem þeir óska eftir samkvæmt íslensku nafnahefðinni. Þetta gerist endurgjaldslaust! Breytingin gengur í gildi 1. maí 2003.

Íslenskir ríkisborgarar sem dveljast langdvölum í Danmörku eiga ennþá við þennan vanda að stríða. Börn þeirra geta ekki fengið nöfn samkvæmt íslenskri hefð. Því hef ég bent danska forsætisráðherranum á sænsku lausnina og lagt til við hann að þetta mál verði einnig

leyst í Danmörku. Í Danmörku starfar nú nafnalaganefnd sem fjallar m.a. um þetta mál og mun hún leggja fram álit sitt á árinu 2004. Eftir það vona ég að málið sé leyst.

AÐRAR UPPLÝSINGAR UM AFNÁM LANDAMÆRAHINDRANA

Efni um starfið að afnámi landamærahindrana er aðgengilegt á netinu:

Formennskuáætlun Svía: http://www.ud.se/fragor/geografiska_omraden/nordiska

Skýrslan „Réttindi Norðurlandabúa“ eftir Ole Norrback sendiherra:

<http://www.norden.org/grensehindringer>

Álitsgerð Norðurlandaráðs um ráðherratillöguna um eftirfylgni skýrslunnar „Réttindi Norðurlandabúa“: <http://www.norden.org/grensehindringer>

Álitsgerðinni fylgir ráðherratillagan um eftirfylgni skýrslunnar „Réttindi Norðurlandabúa“.

ÁGRIP ÚR RÆÐU POUL SCHLÜTERS, SÉRLEGS FULLTRÚA, Á FUNDI NORRÆNU FORSÆTISRÁÐHERRANNA ÞANN 27. OKTÓBER 2004.

- Í norrænu samstarfi er nú hafist handa við mikilvægt og krefjandi starf að afnámi landamærahindrana.
- Ég tók verkið að mér í von um að árangur næðist svo að einstaklingar á Norðurlöndunum gætu flust óhindrað til starfa, náms og búsetu í norrænu nágrannaríki. Ýmis árangur hefur náðst fyrir hinn almenna borgara.
- Starf mitt miðaðist við að einstaklingar gætu ferðast frjálst um Norðurlöndin.
- Þetta starf er ekki síst mikilvægt vegna þess að við stöndum frammi fyrir ýmsum ögrunum!
- ESB stækkar og hnattræn samkeppnishæfni verður æ mikilvægari. Við Norðurlandabúar verðum að halda forskoti okkar við þróun innri markaðar og sýna fram á öflugan, opinn og sveigjanlegan vinnumarkað. Við verðum að tryggja að innri markaður á Norðurlöndum standi undir nafni!
- Við höfum sýnt og sannað að við getum náð verulegum árangri – einnig áður en ESB kom til sögunnar!
- Árið 1954 náðum við samkomulagi um samnorrænan vinnumarkað og markaði það tímamót. Það var sögulegur viðburður á heimsmælikvarða þegar við afnámuðum vegabréfaskylduna. Árið 1996 náðum við samkomulagi um að koma í veg fyrir tvísköttun.
- Ég hef nú sinnt þessu verkefni í tíu mánuði. Við höfum náð langt. Við höfum hrint ýmsu í verk. En verkið er rétt hafið. Við vitum að afnám landamærahindrana verður að vera fastur liður á dagskrá Norrænu ráðherra nefndarinnar. Það gerist eingöngu í krafti þess að ríkin sinni stöðugt því verki að endurskoða löggjöf sína.
- Hverju hafa norrænu ráðherrarnir á hverju sviði áunnið?

- *Menntamálaráðherrarnir* hafa skuldbundið sig til að:
 - Endurskoða Samkomulagið um framhaldsskólamenntun – það verður *undirritað* *voríð 2004*.
 - Efla norrænt samstarf um *gagnkvæma viðurkenningu* á menntun – sérstaklega *innan vébanda ESB*. Það starf er nú hafið.
 - Að bæta *námsstyrkjakerfi* fyrir námsmenn. Þetta gerist fyrri hluta ársins 2004.
 - Að hefja samstarf varðandi *gagnkvæma viðurkenningu á verkmenntun*. Það starf er nú hafið!

- *Fjármálaráðherrarnir* vinna nú að því að
 1. Stytta *afgreiðslutíma á peningayfirfærslum* á milli banka. – Fjármálaráðherrarnir munu fjalla um kostnað vegna yfirfærslu í ljósi tilskipunar ESB um sama efni. Ákvæði tilskipunarinnar um sömu gjöld fyrir yfirfærslur innanlands og á milli ríkja gilda aðeins í Finnlandi og Svíþjóð en ekki í hinum löndunum. Þetta munu ráðherrarnir ræða síðar í dag.
 2. Vinna markvisst að lausn ýmissa *skattavandamála* – fyrir viku síðan var lögð fram skýrsla sem norrænu fjármálaráðherrarnir munu ræða í dag. Þar eru margar áhugaverðar tillögur um að bæta bæði norræna skattasamninga og efla upplýsingaþjónustu fyrir einstaklinga og yfirvöld.
 3. Að próa samnorræna *rafræna skattaáætlun*. Hana mætti taka í notkun á næsta ári.
 4. Að lokum að stofna *norrænar skattastofur* á landamærasvæðunum, þar sem einstaklingar geta leitað til að geta áætlað skatta sína. Í Danmörku tekur slík stofa til starfa þann 1. janúar 2004. Frá árinu 2000 hafa Svíar rekið svipaða upplýsingastofu í Málmey sem skattayfirvöld eiga hlut að.
 5. Auk þess ræða norrænu fjármálaráðherrarnir hvort hægt verði að opna norræna skattaþjónustu á netinu þar sem einstaklingar geta leitað svara um skatta sína – þetta er mjög jákvætt framtak.
 6. Norrænu fjármálaráðherrarnir funda síðar í dag – ég vænti mikils af niðurstöðum viðræðna þeirra.

- *Vinnumálaráðherrarnir* samþykktu á fundi sínum þann 22. september, að

1. Stuðla að *sveigjanlegum og almenningsvænum atvinnuleysistryggingum*. Skýrsla er á leiðinni.
 2. Skýrsla um samninginn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað á að taka mið að því að samningurinn NÁI EINNIG TIL *fólks af öðru ríkisfangi en norrænu sem hefur fast dvalar- og atvinnuleysi í ríkjunum*. Þó eru *Danir undanþegnir* vegna fyrirvara þeirra á réttarfarslegu samstarfi innan ESB sem nær til þessa málaflokks. Opinn norrænn vinnumarkaður á einnig að ná til nýbúa í norrænu ríkjunum.
 3. Stofna *samnorræna atvinnumiðlun á netinu í landamærahéruðunum*. Lokið verður við að athuga tæknilega möguleika á þessu ári. Því ætti hún að geta byrjað að starfa á næsta ári.
- *Félags- og heilbrigðismálaráðherrarnir*
 - Hafa á þessu ári undirritað nýjan samning um félagslegt öryggi.
 - Afhenda skýrslu innan skamms um breyttar reglur um fæðingarorlof á Norðurlöndum. Ég vænti hennar innan tíðar. Við ættum að geta framkvæmt breytingar árið 2004.
 - Hafa unnið að því að afnema landamærahindranir fatlaðra. Þegar hefur náðst árangur á þessu sviði. Efldar hafa verið upplýsingar um réttindi hins almenna borgara.

Iðnaðarráðherrarnir

1. Norrænu iðnaðarráðherrarnir hafa að tillögu minni ákveðið að stofna starfshóp um lögmaelifræði sem á efla norrænt samstarf innan ramma tilskipunar ESB um mælitæki. Ákvörðunin er tekin og verkið er hafið.
2. Þá hafa iðnaðarráðherrarnir ákveðið að stofna starfshóp sem á að fjalla um framkvæmd ESB-tilskipunar um forsendur fyrir stofnun evrópska hlutafélagsins í löndunum. Hlutafélögin eiga að geta starfað þvert á landamærin. Ákvörðunin er tekin og verkið hafið.
3. Þá hafa norrænu iðnaðarráðherrarnir ákveðið að gera yfirlit yfir landamærahindranir á sviði norrænt atvinnulífs á Norðurlöndum. Að sjálfsögðu hefur afnám landamærahindrana bein áhrif á norrænt atvinnulíf. Þeir vænta jákvæðrar niðurstöðu sérlega hvað varðar sköttun og félagslega tryggingu, til dæmis fólks

sem vinnur hlutastarf í tveimur norrænum löndum og varðandi fæðingarorlof starfsfólks.

- Því munu norrænu iðnaðarráðherrarnir láta gera úttekt í líkingu við þá sem Ole Norrback sendiherra og fyrrverandi samstarfsráðherra Finnlands vann á sínum tíma. Markmið hennar verður að benda á sérlegar landamærahindranir fyrir norrænt atvinnulíf, þar á meðal varðandi samruna fyrirtækja á milli landa.
- Hér er um að ræða mjög jákvæðar lausnir. Norðurlöndin eru einn heimamarkaður og það verðum við að standa vörð um, meðal annars með því að tryggja meiri samræmingu á milli markaðanna.
- Dómsmálaráðherrarnir eru að kanna möguleika á að samræma norrænan sifja- og hjúskaparrétt. Gert hefur verið yfirlit yfir löggjöf á þessu sviði á Norðurlöndum og gefnar út tvær umfangsmiklar bækur um hjúskaparrétt og sú þriðja um réttarstöðu barna og foreldra er væntanleg. Á næsta ári munu dómsmálaráðherrarnir kanna möguleika á því að samræma norræna löggjörf varðandi sifja- og fjölskyldurétt.
- Norrænu samstarfsráðherrarnir hafa samþykkt að bæta þjóðskráningarkerfin svo auðveldara verði fyrir einstaklinga að fá kennitölu þegar þeir flytjast búferlum á milli Norðurlanda. Norrænu samstarfsráðherrarnir hafa komist að samkomulagi um að breyta norrænum samningi um þjóðskráningu þannig að upplýsingar um flutninga frá einu norrænu ríki til annars berist beint á milli þjóðskráningarskrifstofa beggja ríkja. Norrænn starfshópur mun semja tillögu að breytingum þar að lútandi á norræna samningnum. Tillagan ætti að liggja fyrir á fundi norrænu samstarfsráðherranna þann 15. desember 2003 í Stokkhólmi.
- Þetta er mjög jákvæður árangur. Þá losna einstaklingarnir við að ferðast með samnorrænt flutningsvottorð á sér og ÞÁ sækist fljótt að fá nýja kennitölu!
- Árangursríkar ráðstefnur hafa verið haldnar á vegum sænsku formennskunnar. Ég sat til dæmis ráðstefnu í Karlstad um ökutæki og ferðafrelsi ökumanna. Þar var rætt um ýmsar landamærahindranir sem bitna á umferð í atvinnuskyni.
- Síðar, á fundi í Östersund, undir stjórn Berit Andnor, samstarfsráðherra Svía, komu norræn yfirvöld sér saman um að leysa ýmsar landamærahindranir sem bitna á umferð í atvinnuskyni. Það á við um einföldun á tollgjöldum og tryggingargjöldum, kröfur um lengd, þyngd og breidd farartækja og réttindaskírteini ökumanna og kranastjóra. Málið um kranastjórann á Álandseyjum sem fékk ekki kranaréttindin sín viðurkennd, þekkið þið frá fundi ykkar með sjálfstjórnarsvæðunum í fyrra. Það mál er nú leyst!

- Þá hef ég fylgst með landamærahindrunum í sambandi við Borgundarhólmi. Meginhluti umferðar til og frá Borgundarhólmi liggur um Ystad í Svíþjóð. Það er þó ekki vandræðalaust. Margir einstaklingar hafa leitað til mín vegna vandræða með að taka gæludýr, þ.e. hunda og ketti, með sér þessa leið. Það er bæði erfitt og dýrt að taka gæludýr með sér til Borgundarhólms ef valið er að fara um Ystad! Farið er fram á tíðar bólusetningar. Því sneri ég mér til sænskra yfirvalda og samningaviðræður hafa átt sér stað, meðal annars um þetta mál.
- Stungið hefur verið upp á ýmsum minni háttar lausnum. Meðal annars sem varða ferðamenn með gæludýr. Sænskur hópur hefur fengið það hlutverk að vinna hratt að því að finna lausn á þeim vanda sem fylgir því að ferðast með vopn. Þá ætti að verða auðveldara að taka lyf með sér yfir landamæri á Norðurlöndum. Norræn starfshópur hefur komist að samkomulagi um að semja samnorrænan lista fyrir samnorrænt lyfjavottorð. Vonast er til að pólitísk samstaða náist um þessa tillögu innan skamms. Það er sérlega mikilvægt fyrir fólk sem á leið til Borgundarhólms.
- Þá hefur athygli mín verið vakin á ýmsum landamærahindrunum sem snerta aðeins eitt norrænt ríki. Ein þeirra varðar íslensk nafnalög.
- Á Íslandi er nefnilega sérleg nafnahefð þar sem börn eru nefnd eftir föður sínum og bætt við -dóttir eða -son. Það reyndist sérlega erfitt að framfylgja þessu í Svíþjóð en þetta mál var leyst næstum því á einni nóttu með því að breyta sænsku nafnalögunum. Einnig í Danmörku reynist erfitt fyrir Íslendinga að feðra börnin sín samkvæmt íslenskri nafnahefð. Því lagði ég til við danska forsætisráðherrann, með skírskotun til sænsku lausnarinnar, að þetta mál verði leyst. Danski forsætisráðherrann hefur tilkynnt að vænta megi lausnar á vanda Íslendinga fyrir sumarbyrjun 2004.
- Annað mál varðar að breyta sænsku atvinnubílstjóraskírteini í danskt skírteini. Samkvæmt ESB-reglugerð á þetta að vera hægt og tilkynntu Danir það í fyrra. Hins vegar hefur danski ríkislögreglustjórinn ekki sett skýrar kröfur um framvísun skilríkja til að hægt sé að afgreiða slíkt mál. Á meðan geta hvorki Norðurlandabúar né aðrir Evrópubúar nýtt sér þennan rétt! Ég bið enn eftir svari frá danska ríkislögreglustjóranum varðandi þetta mál.
- Afnám landamærahindrana bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki er mikilvægt í ljósi síaukinnar samkeppni á alþjóðavettvangi!
- Eigi Norðurlandabjóðirnar að spjara sig í hinni nýju Evrópu verður að draga úr landamærahindrunum. Það er sókn sem ég – sem sérlegur fulltrúi sænsku formennskunnar og norrænu ráðherranna – hef hafið.

- Hér verðum við Norðurlandabúar að ganga fremst í flokki varðandi samþættingu milli ríkja okkar og þjóða. En það verður að auka hraðann. Þið, ríkisstjórnir Norðurlandanna, verðið að veita þessu forgang.
- Við þurfum raunhæfan árangur. Við erum byrjuð. Enn er þó margt verk óunnið.